



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 16. maí 2025 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson oddviti, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Ragnar Már Björnsson varamaður fyrir Arnar Ólaf Viggósson og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1., 2. og 3. dagskrárlið.

Níels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bar upp tillögu þess efnis að breyting verði gerð á dagskrá og að liðurinn „Tímabundin ráðning slökkviliðsstjóra“ verði tekin fyrir undir 5. lið og liðurinn „Trúnaðarmál“ verði tekinn fyrir undir 6 lið. Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2024 – síðari umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins vegna 2024 til síðari umræðu og endurskoðunarskýrsla sem Níels Guðmundsson endurskoðandi kynnti.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta var neikvæð á árinu 2024 um kr. 22,8 millj. samanborið við kr. 100,5 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 77,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 29,1 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins (gjöld umfram tekjur). Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2024 um kr. 69,5 millj. samanborið við kr. 126,7 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun.

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 902,3 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 53,3 millj. eða 6,3% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 6,8% yfir áætlun ársins 2024 ef með eru teknir viðaukar ársins sem gerðu ráð fyrir kr. 4,9 millj. viðbórtartekjum frá upphaflegri áætlun fyrir árið. Útsvarstekjur hækka um kr. 40,0 millj. milli ára eða 13,4%. Fasteignaskattar og lóðaleiga hækka um kr. 8,1 millj. milli ára eða 23,1%. Framlög frá jöfnunarsjóði hækka um kr. 21,6 millj. milli ára eða 10,7%. Allir liðirnir sem falla hér undir eru að hækka milli ára. Aðrar tekjur hækka um kr. 9,2 millj. milli ára eða 3,5%.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 432,4 millj. á árinu 2024 og hækka um kr. 40,4 millj. eða 10,3%. Liðurinn er í heild nokkuð vel í takti við áætlun ársins en viðaukar við fjárhagsáætlun gerðu ráð fyrir kr. 22,9 millj. í aukin útgjöld vegna launakostnaðar. Hlutfall launa af rekstrartekjum er að hækka nokkuð milli ára og er 50,6% samanborið við 46,2% árið áður. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga var um kr. 14,4 millj. sem er um kr. 13,3 millj. undir áætlun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna hækkaði um 5,4% milli ára samanborið við 9,8% hækkun árið á undan. Áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingum hjá LSR hækkaði úr 61,7% í 62,2% milli ára.



Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 420,5 millj. á árinu 2024 og hækkar um kr. 4,3 millj. eða 1,0%. Liðurinn er vel í takti við áætlun ársins en samþykkir viðaukar námu kr. 15,9 millj. vegna viðbótarútgjalda frá upphaflegri áætlun. Hlutfall annars rekstrarkostnaðar af rekstrartekjum hækkar milli ára úr 49,0% í 50,8% hjá A og B hluta.

Afskriftir A og B hluta námu kr. 56,1 millj. og hækka aðeins milli ára.

Fjármagnsliðir hjá A- og B-hluta voru neikvæðir um kr. 0,6 millj. á árinu 2024 en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um kr. 5,5 millj.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 46,6 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.485,7 millj. í árslok 2024. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 102,7 millj. en afskriftir námu kr. 56,1 millj. Á árinu var seld ein fasteign hjá eignasjóði (hluti Túnbrautar 1-3) og nam söluverðið kr. 16,0 millj. og söluhagnaður nam allri þeirri fjárhæð.

Helstu fjárfestingar ársins voru:

- Túnbraut 1-3, skrifstofur - endurbætur kr. 51,4 millj.
- Hafnarframkvæmdir, búnaður og Ásgarður kr. 36,4 millj. nettó (ríkisframlag nam kr. 95,4 millj.)

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 48,3 millj. milli áranna 2023 og 2024. Sveitarfélagið tók engin ný lán á árinu og hefur nýtt rekstrarfé og laust fé í fjárfestingar. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er ennþá nokkuð gott en það lækkar milli ára úr 2,7 í árslok 2023 í 1,7 í árslok 2024.

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 1,2 millj. milli ára en þær voru kr. 96,8 millj. í árslok samanborið við kr. 98,0 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra hafa verið hagstæð. Vextir lánanna eru á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir en verðbólga var mun lægri á árinu 2024 en árið á undan sem að hefur jákvæð áhrif á reksturinn. Engin lántaka var gerð á árinu 2024.

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var komið í 21% í árslok 2024 samanborið við 11% í árslok 2023. Heimilt er að draga veltufjármuni frá skuldum við útreikning á hlutfallinu og er það helst lækkun veltufjármuna (handbærs fjár) sem að skýrir hækkun á skuldahlutfallinu milli ára.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn, samþykkti hann síðan samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

2. Rekstraryfirlit jan-mars 2025 og framkvæmdayfirlit jan-apríl 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna jan-mars 2025 og framkvæmdayfirlit vegna jan-apríl 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

3. Breytingar á gjaldskrá 2025

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á gjaldskrám tónlistarskóla og félagsþjónustu vegna 2025. Sveitarfélagið tók nýverið yfir rekstur tónlistarskóla sem ekki hefur verið gerð grein fyrir í gjaldskrá. Þá hefur HSN tekið yfir rekstur Sæborgar og fyrirkomulag á heimsendingarþjónustu á fæði fyrir aldraða tekið breytingum og færst yfir til sveitarfélagsins frá Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Geri þurfti breytingar á gjaldskránni í samræmi við það. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að birta uppfærða gjaldskrá á heimasíðu sveitarfélagsins.



4. Framkvæmdir sumarsins

Ragnar Már Björnsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málefnið og vék af fundi.

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sumarsins sem framundan eru og breytingar sem gerðar hafa verið á framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins 2025. Framundan eru ýmis verkefni af ólíkum stærðargráðum en stærstu verkefnin sem unnið er að er lokaáfangi við endurbyggingu Ásgarðs ásamt göngustíg og útsýnispalli á Spákonufellshöfða.

Hafnarframkvæmdir: Hafnarframkvæmdir ganga með ágætum. Lagnavinna fer af stað lok maí þegar vinnan við kantbita er lokið. Verið er að vinna í leiðréttingu á hönnun vegna hæðarlegu og útfærslu á steyptri þekju sem klára þarf áður en jarðvinna undir þekju og uppsláttur fer af stað.

Spákonufellshöfði: Búið er að fullklára hönnun á göngustíg og palli, allt timbur er komið á Skagaströnd og munu framkvæmdir hefjast í maí. Áætlað er að verkinu verði lokið mánaðamótin júlí/ágúst.

Dren á Kaupfélagstúni og tjaldsvæði: Búið er að drena vatn á Kaupfélagstúni en mun meira vatnsmagn var á túninu en gert var ráð fyrir og þurfti því að grafa um helmingi lengri skurð en áætlað var. Byrjað var á drenun tjaldsvæðis í vikunni og ganga framkvæmdir vel. Búið er að grafa um 100 m af drenlögn í jörð af þeim 300 m sem áætlað var að þyrfti að grafa. Þessir 100 metrar eru alveg frágengnir.

Framkvæmdir í grunnskóla:

Sumarfrí í grunnskólanum verður nýtt til framkvæmda en skipt verður um loftaklæðningu á gangi frá matsal að anddyri og sett upp kerfisloft í staðinn með innfelldri lýsingu. Þá kom upp leki í eldhúsi á fyrstu hæð en endurbyggja þarf vegg að hluta, skipta um gólfefni og innréttingar.

Framkvæmdir á leikskóla:

Búið er að kaupa hækkanlegt skiptiborð og setja upp. Eftir á að skipta út hurð á suðurhlið, setja klæðningu á suðurhlið og mála vesturhlið. Áætlað er að fara í framkvæmdirnar síðsumar eða í haust.

Túnbraut 5 og 9

Ráðist verður í framkvæmdir á ytra byrði húsanna, múrviðgerðir og húsin máluð. Áætlað er að fara í framkvæmdirnar í júlí.

Bogabraut 7

Ráðist verður í múrviðgerðir og málun utanhúss og áætlað að fara í framkvæmdirnar í júlí.

5. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélgsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

6. Starfsmannahald

Ragnar Már Björnsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málið og vék af fundi.

Samkvæmt 15. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 er það skylda sveitarstjórnar að ráða slökkviliðsstjóra. Í forföllum slökkviliðsstjóra er varaslökkviliðsstjóri yfirmaður slökkviliðs en enginn varaslökkviliðsstjóri er starfandi í sveitarfélaginu. Fyrir fundinum lá tillaga þess efnis að Gísli Björn Reynisson verði tímabundið ráðinn sem slökkviliðsstjóri í afleysingum vegna forfalla slökkviliðsstjóra Jóns Ólafs Sigurjónssonar.

Var tillagan borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.



7. Trúnaðarmál

Afgreiðsla sveitarstjórnar bókuð í trúnaðarbók.

8. Ræktunarlönd til úthlutunar

Ragnar Már Björnsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málið og vék af fundi.

Þann 5. maí sl. voru ræktunarlönd nr. 12 og nr. 300 auglýst til úthlutunar á síðu sveitarfélagsins. Umsóknarfrestur var til 14. maí sl.

Eftirfarandi umsóknir bárust vegna ræktunarlands nr. 12. Báðar umsóknir voru gildar í samræmi við reglur sveitarfélagsins um úthlutun og leigu beitar- og ræktunarlanda í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Patrik Snær Bjarnason

Í umsókn kemur fram að viðkomandi hafi ekkert ræktunar- eða beitarland til leigu í sveitarfélaginu. Óskað sé eftir beitarlandi fyrir átta hross.

Rögnvaldur Ottósson

Í umsókn kemur fram að viðkomandi sé með sex ræktunar- eða beitarlönd til leigu í sveitarfélaginu. Í umsókn kemur fram að viðkomandi hafi verið að nýta ræktunarland nr 12 til þess að sækja vatn fyrir hross sem eru á nærliggjandi spildum. Viðkomandi er með 36 hross.

Sveitarstjórn ræddi framlagðar umsóknir og taldi á grundvelli þess að Patrik Snær Bjarnason er ekki með neitt landsvæði til umráða í sveitarfélaginu en með 8 hross sem hann þarf svæði fyrir sé rétt að hann fái spildunni úthlutaðri.

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum atkvæðum.

Eftirfarandi umsóknir bárust vegna ræktunarlands nr. 300. Báðar umsóknir voru gildar í samræmi við reglur sveitarfélagsins um úthlutun og leigu beitar- og ræktunarlanda í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Fjóla Dögg Björnsdóttir og Arnar Páll Guðjónsson

Í umsókn kemur fram að viðkomandi hafi eitt ræktunar- eða beitarland til leigu í sveitarfélaginu en það sé illa farið og því sé illa hægt að nýta það. Óskað sé eftir beitarlandi fyrir 20 hross.

Patrik Bjarnason

Í umsókn kemur fram að viðkomandi hafi ekkert ræktunar- eða beitarland til leigu í sveitarfélaginu. Óskað sé eftir beitarlandi fyrir átta hross.

Sveitarstjórn ræddi framlagðar umsóknir og taldi á grundvelli fjölda hrossa og þess að Fjóla Dögg og Arnar Páll geta ekki nýtt það beitarland sem þau eru með til umráða með fullnægjandi hætti sé rétt að þau fái spildunni úthlutaðri.

Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fjórum atkvæðum.



9. Bréf

a. Eydís Inga Sigurjónsdóttir dags. 10. apríl 2025

Efni: Göngustígur

Með erindinu er óskað eftir því að göngustígurinn bakvið Bogabraut 3., 5. og 7. verði lagaður og því til viðbótar verði lagður stígur að matvöruverslun í beinu framhaldi. Sveitarstjórn ræddi erindið en ekki er gert ráð fyrir framkvæmdinni í áætlun ársins. Er erindinu vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2026.

b. HMS dags. 25. apríl 2025

Efni: Brunavarnaáætlun ekki í gildi

Með erindinu er bent á að engin Brunavarnaáætlun sé í gildi fyrir sveitarfélagið. Óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um hvort vinna sé hafin við gerð brunavarnaáætlunar og ef svo er hvenær sveitarfélagið hyggst senda stofnuninni áætlunina til umsagnar og/eða samþykktar. Sveitarstjóri upplýsti um stöðu málsins en brunavarnaáætlun er langt komin. Var sveitarstjóra falið að vinna málið með slökkviliðsstjóra og svara erindi HMS.

c. Vegagerðin dags. 6. maí 2025

Efni: Endurskoðun Samgönguáætlunar

Með erindinu er óskað eftir umsóknum um ríkisframlög til neðantalinna verkefna á næsta áætlunartímabili sem senda skuli Vegagerðarinnar fyrir 20. júní 2025 hyggi sveitarfélagið á frekari framkvæmdir.

-Staðfesting eldri verkefna í hafnargerð

-Umsókn um framlag til frumrannsóknna

-Umsókn um framlag til sjóvarna

Var sveitarstjóra falið að vinna málið og leggja fyrir hafnar- og skipulagsnefnd til staðfestingar.

d. Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir leikskólastjóri v. Barnabóls. dags. 13. maí 2025

Efni: Stuðningur skólaárið 2025/2026

Með erindinu er farið yfir stuðningsþörf á leikskólanum vegna skólaársins 2025/2026 en óskað er eftir óbreyttum stöðugildafjölda þ.e. tveimur stöðugildum í stuðning. Var beiðnin borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Gert verður ráð fyrir stöðunum við vinnslu fjárhagsáætlunar 2026.

6. Fundargerðir:

a. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 17. mars 2025

b. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 4. apríl 2025

c. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. apríl 2025

d. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. apríl 2025

e. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 28. apríl 2025

f. Stjórnar Samtaka Sjávarútvegssveitarfélaga dags. 19. mars 2025

g. Stjórnar Samtaka Sjávarútvegssveitarfélaga dags. 28. mars 2025

h. Stjórnar Samtaka Sjávarútvegssveitarfélaga dags. 1. apríl 2025

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

7. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:32

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Ragnar Már Björnsson